

66

11. nóv.

L Ö G

um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, orðist svo: Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórnmálaflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

67

17. nóv.

AUGLÝSING

um loftferðasamning milli Íslands og stórhertogadæmisins Luxemburg.

Hinn 23. október 1952 var undirritaður í Reykjavík loftferðasamningur milli Íslands og stórhertogadæmisins Luxemburg. Samningurinn gekk í gildi við undirritun. Skipzt var á fullgildingarskjölum 29. september 1953.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 17. nóvember 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.